**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundarröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR með Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs um þróun og mótun borgarinnar.**

# HVER Á BORGINA?

Fundurinn hefst klukkan 20.00 á Kjarvalsstöðum á Klambratúni, þriðjudaginn 14. október, kaffihúsið verður opið og eru allir velkomnir. Ætlunin er að skapa samtal um skipulagsmál í víðu samhengi. Leitað verður eftir hressilegri umræðu þar sem ólík sjónarmið og reynsluheimar mætast á málefnalegum grunni.

**Hver á borgina?** Er spurningin sem verður til umræðu á fyrsta fundi en hún er mikilvæg í ljósi nýsamþykkts aðalskipulags Reykjavíkur. Hversu langt er hægt að ganga í breytingum á borgarskipulagi án þess að ganga á rétt íbúa og annarra hagsmunaaðila? Eru allir jafn réttháir í göturýminu óháð ferðamáta? Hefur strætó með 80 farþegum rétt á jafn miklu borgarrými og 80 einkabílar? Skipta athugasemdir íbúa máli við endanlegar ákvarðanir í skipulagsmálum? Eru skipulagsheimildir sem borgin veitir ígildi eignaréttar um ókomna framtíð?

Auk Hjálmars Sveinssonar formanns ráðsins verða Margrét Harðardóttir arkitekt hjá Studio Granda, Skúli Magnússon héraðsdómari og dósent við lagadeild H.Í. og Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

**VELKOMIN Á FUNDINN**



Hjálmar Sveinsson



Ólöf Örvarsdóttir



Skúli Magnússon



Margrét Harðardóttir

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið